

Brottnám á endaparmi

Endaparmur ásamt neðsta hluta bugðuristils er fjarlægður í skurðaðgerð og lagt út ristilstóma. Til að tryggja hámarksbata er ákveðnu ferli fylgt sem snertir hreyfingu og næringu fyrir og eftir aðgerð. Rétt er að gera ráð fyrir að vera frá vinnu í 4–6 vikur, háð starfi og líðan.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningar-meðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við ábyrgan skurðlækni.

Næring


Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar. Gott er því að huga að því að borða næringarríkan mat, taka inn vítamín og drekka orkuríka næringardrykki fyrir aðgerðina.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“ og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahótel, fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.



Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa skal með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort.

Viðtal

Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við lækni skurðlækninga- og svæfingadeildar og hjúkrunarfræðing. Spurt er um heilsufar, gerð lækni skoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Stómahjúkrunarfræðingur merkir fyrir staðsetningu stóma og veitir upplýsingar fyrir aðgerðina. Upplýsingar eru veittar um hvort nota eigi hægðalosandi lyf fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 3–4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Fyrir þjónustuna á innskriftarmiðstöð þarf að greiða.

Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni, lungnamynd, hjartalínurit og þvagsýni ef þörf er á.

Öndunaræfingar

Öndunar- og fótaæfingar eru mikilvægur þáttur í bataferlinu. Sjúkrþjálfari kennir æfingar fyrir og eftir aðgerðina.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf er gefið með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á blóðtappamyndun. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar um það í innskriftarviðtali.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita og drekka að minnsta kosti 500 ml af tærum orkurikum drykk kvöldið fyrir aðgerð, t.d. Gatorade eða Powerade.
- **Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.**
- **Óhætt er að drekka tæra drykki** (1-2 glös í senn) **þar til 2 klst. eru í komu á spítalann.** Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Tveimur klst. fyrir áætlaðan aðgerðartíma á að drekka 1 glas af samsvarandi orkurikum drykk og kvöldið áður, þó er ekki nauðsynlegt að vakna að næturlagi til að drekka.

- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Hægðalosandi lyf

Ef nota á hægðalosandi endaþarmsinnhellingu fyrir aðgerðina er það gert í samræmi við upplýsingar sem veittar voru í innskriftarviðtali. Ef frekari upplýsinga eða aðstoðar er þörf má hafa samband við dagdeild 13D.

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér snyrtivörur, tannbursta, inniskó, þægileg föt eða slopp og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Fara þarf í **sturtu heima að morgni aðgerðardags**. Þrifa þarf naflann með bómullarpinna, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Ekki má bera krem á líkamann eftir sturtuna.

Mæta á dagdeild 13D að morgni aðgerðardags. Hafa á með öll lyf sem tekin eru daglega.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 4-6 klukkustundir. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að lokinni aðgerð.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknun í 4-6 klukkustundir og þaðan á legudeild 12G. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknun, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Verkir

Verkjameðferð er í formi utanbastsdeyfingar sem lögð er fyrir aðgerð og höfð í aðgerðinni og fyrstu dagana á eftir. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjastiku þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 óbærilegur. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir deyfingu á að láta hjúkrunarfræðing vita. Markmið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og náð djúpöndun.

Enginn verkur	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Gæti ekki verið verri
	Vægur		Talsverður			Mikill		Mjög mikill				

Öndun

Súrefni er gefið fyrsta sólarhringinn eftir aðgerð og eftir þörfum. Öndunaræfingar eru mikilvægar fyrir starfsemi hjarta og lungna og draga úr líkum á fylgikvillum eins og hjartabilun, blóðtappa eða lungnabólgu.

Þvagleggur

Þvagleggur er settur í þvagblöðru í aðgerð til að fylgjast með þvagútskilnaði og er hann hafður í nokkra daga.

Stóma

Starfsfólk deildar aðstoðar við umhirðu stóma og veitir fræðslu og þjálfun. Tímabundin garnalömun verður eftir aðgerð og er einstaklingsbundið hve fljótt hún gengur yfir. Fylgst er með garnahljóðum og því hvenær loft og hægðir koma í stómapokann.

Matur og drykkur

Vökvi er gefinn í æð þar til sjúklingur er farinn að geta drukkið nægilega. Að kvöldi aðgerðardags má drekka 1–2 glös af vatni og einn næringardrykk. Daginn eftir aðgerð má fá fljótandi fæði og tvo næringardrykki. Næstu daga má borða léttu máltíð og drekka tvo næringardrykki á dag. Gefin eru ógleðistillandi lyf ef með þarf.

Skurðsár

Skurðsár eru tvö, á kvið og á endaparmssvæði. Skurðsári á kvið er lokað með málmheftum sem eru fjarlægð 10-14 dögum eftir aðgerð. Skurðsári á endaparmssvæði er lokað með saumum sem þarf að fjarlægja 3 vikum eftir aðgerð.

Drenslanga

Drenslanga liggur gegnum endaparmssvæði eða kviðvegg til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð og er hún höfð í nokkra daga.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna, hún dregur úr líkum á fylgikvillum eins og hjartabilun, blóðtappa eða lungnabólgu. Hreyfing eykur einnig maga- og þarmahreyfingar. Starfsfólk deildarinnar aðstoðar sjúkling við að hreyfa sig reglulega. Til að koma í veg fyrir þrýsting á endaparmssvæði má ekki sitja uppi meðan saumar eru í sári.

Svefn

Ekki er óeðlilegt að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra. Einnig er hægt að kalla til aðra fagaðila til stuðnings.

Útskrift

Útskrift er áætluð 7-10 dögum eftir aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- útskriftarfræðslu.
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum.
- endurkomutíma til hefta- og saumatöku.
- endurkomutíma hjá sérfræðingi.

Símanúmer:

Innskriftarmiðstöð 10E

543 2200

Dagdeild 13D, opin virka daga frá klukkan 7 til 19

543 7480

Skurðlækningadeild 12G

543 7250

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

SKURÐLÆKNINGASVIÐ

DESEMBER 2013

SKURÐ-548

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR

SKURÐLÆKNINGADEILDAR OG

DEILDARSTJÓRI 12G

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC